

Til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar,


Við undirrituð sendum inn erindi vegna 2x0,5 ha eignarlands nr. 125506 við Hafravatn og fengum synjun um breytingu á deiliskipulagi, þar sem hún samræmdist ekki ákvæðum aðalskipulags. Nú höfum við lesið aðalskipulagið og skiljum ekki, hvað menn telja ekki samræmist. Er hægt að upplýsa okkur um, hvaða málsgreinar þess er talið að samræmist ekki hugmyndum okkar?


Við erum með tvíþætta spurningu, þ.e.  $45+45 = 90$  ferm í stað  $70+20 = 90$  ferm skv. deiliskipulagi annars vegar og svo efri hluti landsins upp á 0,5 hektara og nýjan byggingarreit þar. Við hefðum viljað svar við hvorri spurningu fyrir sig:

1. Mjög mikilvægt er fyrir okkur að hafa aðalhús og gestahús af svipaðri stærð þ.a. aðstoðarmanneskja gisti í öðru húsinu og Haraldur, sem er í hjólastól, í hinu. Hvaða breytt hlutfall hústærða gengi að ykkar mati? 40+50 fermetrar?
2. Efra landið, 0,5 hektarar, var alltaf hugsað sem séreining og gat Haraldur fengið það á sinni tíð og faðir hans sálugur ætlaði líka að endurnýja húsið á neðri hlutanum og skúrinn á efri hlutanum. Væri ekki einfaldlega hægt að fara þá leið nú, að selja það og viðkomandi kaupandi gæti þá deiliskipulagt það svipað og hefð er fyrir á þessu svæði? Hann fengi þá nýjan byggingarreit til að nota og aðkomu í gegnum smáframlenginu á aðkomu neðri hlutans. Efra landið nýtist okkur lítið eins og það er nú.

Það er enginn vilji til heilsársúsetu þarna og fyrirkomulag með tiltölulega lítil hús á undirstöðum minnkar líkur á henni. Þau er einfaldlega hægt að flytja burt síðar.

Virðingarfyllst,

  
Haraldur Sigþórsson

  
Esther Hlíðar Jensen